

Skólaráðsfundur 01.03. 2022

Mættir: Ágúst F Jakobsson skólastjóri, Edda Gíslrún Kjartansdóttir aðstoðarskólastjóri Hanna Lóa Friðjónsdóttir og Katrín Anna Eyvindardóttir fltr. kennara, Halla Björg Björnsdóttir fltr. starfsfólks, Guðrún Yrsa Richter og Vilborg Garðarsdóttir fltr. foreldra.

Dagskrá:

1. Skóladagatal 2022-2023

Kynnt drög að skóladagatali þar sem flestir fastir liðir í skólastarfinu hafa verið dagsettir. Engar athugasemdir gerðar. Dagatalið verður sent á starfsmannahópinn til umsagnar.

2. Minnisblöð um athuganir vegna myglu

Farið yfir minnisblöð frá Mannvit verkfræðistofu vegna athugana í desember og janúar sl. Fulltrúar foreldrar báðu um aðgang að gögnunum en skólastjóra var falið að kynna þau frekar á fundi. Fram kom sú skoðun að eðlilegast væri að birta gögnin opinberlega. Mikilvægt er að halda foreldrum upplýstum og því óeðlilegt að halda þessum upplýsingum frá foreldrum. Skólastjóri kemur því á framfæri.

3. Bænaskjal Grunnstoðar

Umræður um hvaða þættir ættu erindi í hið árlega "bænaskjal" Grunnstoðar til bæjaryfirvalda. Ábending um skólabílinn og framkvæmd aksturs í Miðgarð. Megináhersla frá skólanum þarf að vera á viðhald húsnæðis að mati skólastjóra. Læst hjólageymsla ætti líka að vera inni, hefur verið sett á frost að sögn skólastjóra. Hægt er að senda inn ábendingar og texta á fulltrúa grunnstoðar, Erlu Pétursdóttur, erlapeturs@gmail.com

4. Opinn fundur skólaráðs

Þarf að finna góða dagsetningu fyrir fundinn, skólastjóri boðar.

5. Útlit og horfur fyrir næsta skólaár

Töluverð fækkun nemenda er í kortunum. Stór árgangur fer út og og sá sem kemur inn verður að öllum líkindum mun fámennari. Starfsmannasamtöl við kennara eru að fara í gang og eftir þau og innritun verður hægt að fara að stilla næsta skólaári upp.